



Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2018  
R18110251  
HBL/bp

Skóla- og frístundasvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

***Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að skóla- og frístundasvið hafi aðgang að upplýsingum um tekjur- eða framfærslu forráðamanna***

Á fundi borgarráðs þann 29. nóvember 2018 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarráð samþykki að skóla- og frístundasvið hafi aðgang að upplýsingum um tekjur eða framfærslu forráðamanna þeirra barna sem sækja frístundaheimili og afgreiði málefni þeirra innan sviðsins. Þetta kallar á endurskoðun á verklagsreglum og ferlinu öllu. Með þessari breytingu yrði væntanlega létt á ferlinu, það gert skilvirkara fyrir notendur þess. Þessi tillaga er lögð fram í tengslum við umsögn skóla og frístundasviðs við tillögu Flokks fólksins um að börn foreldra sem eru undir fátæktarmörkum fái gjaldfrjáls frístundaheimili fyrir börn sín.

Það tilkynnist hér með.

Borgarráð óskar eftir að vera upplýst um vinnslu málsins þegar hún liggur fyrir.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

